

Brim fiskeldi ehf  
Óttar Már Ingvason  
Fiskitanga  
600 Akureyri

2003110070  
6513; 9310

Reykjavík, 7. janúar 2004  
/--

## **Efni: Eldi á þorski, ýsu og lúðu í sjókvíum undan Baldurshaga í Eyjafirði Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Brims fiskeldis ehf. dags. 19. nóvember 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt eldi á þorski, ýsu og lúðu í sjókvíum undan Baldurshaga í Eyjafirði, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 1g í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórnar Hörgárbyggðar, dýralæknis fisksjúkdóma, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá sveitastjórn Hörgárbyggðar með bréfi dags. 15. desember 2003, dýralækni fiskskjúkdóma með bréfi dags. 9. desember 2003, Fiskistofu með bréfi dags. 10. desember 2003, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 17. desember 2003, Siglingastofnun með bréfi dags. 18. desember 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. desember 2003.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 15., 16., og 22. desember 2003 og 5. janúar 2004.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að hefja eldi á allt að 1.200 tonnum á ári af þorski, ýsu og lúðu í sjókvíum undan Baldurshaga í Eyjafirði. Um sé að ræða 10 hringlaga eldiskvíar, 20 - 30 m að þvermáli og 12 m djúpar, samtals 70.000 m<sup>3</sup>. Áformað sé að koma kvíunum fyrir um 700 m undan Baldurshaga við hnit 66° 44.560 N og 018° 08.350 V á um 40 - 60 m dýpi og þær hnýttar saman í tvöfalda röð. Áætlað er að flatarmál eldiskvía verði um 36.000 m<sup>2</sup> og heildarflatarmál sjókvíanna með festukerfi um 252.000 m<sup>2</sup>. Markmið sé að hafa kvíarnar á það miklu dýpi og í straumi, til að það tryggi nægilega dreifingu úrgangsefna. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að eldisfiskurinn

verði af náttúrulegum íslenskum stofni. Gert sé ráð fyrir 4 ársverkum við eldi og slátrun. Allur búnaður sem notaður verður við fiskeldið, verði af bestu fánægri gerð og allir íhlutir stöðvarinnar verði vottaðir og framleiddir af viðurkenndum aðilum.

Í framlögðum gögnum kemur fram að gert sé ráð fyrir að við hámarksframleiðslu (1.200 tonn á ári) verði fóðurnotkun 1.440 tonn á ári og að fóðrið innihaldi um 7% eða um 85 tonn af köfnunarefni og 1% eða um 14 tonn af fosfór. Af því muni 50 tonn af köfnunarefni og 7 tonn af fosfór falla til frá eldinu út í umhverfið. Allur eldisfiskur verði bólusettur og þannig reynt að koma í veg fyrir þörf á lyfjanotkun. Fylgst verði með mengun frá eldinu með því að taka botnprufur undir sjókvíunum áður en fiskur er settur í kvíarnar á vorin og fylgst vel með áhrifum eldisins á botndýralíf. Ef mengun fari yfir viðmiðunarmörk, verði kvíarnar fluttar, en þó innan þess svæðið sem starfsleyfi heimilar. Farið verði vandlega yfir nætur til þess að koma í veg fyrir að fiskur sleppi.

### **Eldissvæði**

Í framlögðum gögnum kemur fram að eldissvæðið sé í sæmilegu skjóli fyrir vindum og öldugangi úr norð- og suðaustri. Sjávarbotn halli aflíðandi frá ströndinni niður á um 30 m dýpi, í u.þ.b. 600 m frá fjöruborði, en þaðan sé hallinn meiri að fjarðarmiðju, þar sem dýpi er meira en 60 m. Um 15 km norðan við svæðið sé hryggur með lágmarksdýpt um 67 m en hámarksdýpt skammt innan við hann sé 112 m.

### **Súrefnismettun, köfnunarefni og fosfat**

Í framlögðum gögnum kemur fram að súrefnismettun hafi verið mæld í miðjum firði rétt fyrir innan Hjalteyri á tímabilinu 1. maí 1992 til 18. ágúst 1993. Mælt var frá botni allt upp að yfirborði sjávar. Súrefnismettun reyndist há og aldrei lægri en 70%. Einnig var styrkur köfnunarefnis og fosfats mældur og var styrkur efnanna mestur yfir vetrarmánuðina.

### **Aðrir umhverfisþættir**

Í framlögðum gögnum kemur fram að mælingar sem gerðar voru 24. júní 2003 á þremur stöðvum (stöðvar 1 og 2 og Eyjafarðardýpi 112 m), sýndu yfirborðslag með lágu seltuinnihaldi, mikilli súrefnismettun og hlutfallslega háu hitastigi. Seltan hafi aukist með dýpi upp í 34 ppm við botninn og súrefnismettun minnkað með dýpt niður í 68% í botnsjó á mesta dýpi (112 m). Hitastig hafi einnig lækkað með dýpt, og var lægst 4.5 °C á stöð 2.

Straummælingar sýni tiltölulega mörg stutt tímabil þar sem straumhraði sé undir 1 sm/sek inn á milli fremur reglubundinna tímabila með straumhraða yfir 3 sm/sek. Framkvæmdaraðili telur að straumskilyrði við botn muni leiða til þökkalegrar dreifingar á úrgangsefnum frá fiskeldinu og hindri að nokkru leyti uppsöfnun lífrænna efna við botn. Tegundafjöldi lífvera sé mikill á stöðvum 1 og 2 og að þar finnist einstaklingar af öllum algengum flokkum botndýra. Talið sé hugsanlegt að í firðinum sé að finna þrjá þorsstofna sem haldi sig þar hluta úr ári eða allt árið og vitað sé til þess að þorskur hrygni í innanverðum firðinum. Í firðinum hafi orðið vart við vaxandi ýsugengd.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt**

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar leggur til án frekari rökstuðnings að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaraðili telur að ekki sé unnt að svara niðurstöðu sveitarstjórnar á annan hátt en að sjónarmið sveitarstjórnarinnar kalli á rökstuðning og sé að öðrum kosti ómarktækt. Ennfremur kemur fram að það sé skoðun Brims fiskeldis ehf. m.t.t. umfangs verkefnisins að ekki sé talin þörf á sérstöku umhverfismati til viðbótar við þau gögn sem þegar hafi verið lögð fram.

Dýralæknir fisksjúkdóma, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Erfðablöndun**

Í umsögnum Hafrannsóknastofnunarinnar og Umhverfisstofnunar kemur fram að hugsanleg áhrif erfðablöndunnar frá eldisfiski á villta stofna séu talin lítil, þar sem um er að ræða ókynbættan fisk af íslenskum uppruna.

### **Mengun viðtaka**

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að Eyjafjörður sé stór og opinn og þegar tekið er tillit til staðsetningar, umfangs fyrirhugaðs eldis og fyrirbyggjandi gagna séu litlar líkur taldar á alvarlegum áhrifum á umhverfið og ekki ástæða til að umrædd starfsemi verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji Eyjafjörð og umrætt eldissvæði síður viðkvæman viðtaka í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og svo verði áfram þrátt fyrir hugsanlegt aukið magn lífrænna efna frá sjókvíaeldinu. Framkvæmdin skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum en bent á að full ástæða sé til að fylgjast vel með úrgangsefnum frá fiskeldinu, svo hægt sé að bregðast við með réttum hætti, t.d. að færa kvíþyrpingu ef með þarf.

Framkvæmdaraðili tekur undir ábendingar um vöktun sem sé hluti af eðlilegri fiskeldisstarfsemi í sjókvíum.

### **Náttúrulegir fiskistofnar**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að vöktun sé á upplýsingum varðandi fiskveiðar í Eyjafirði (aðrar en á laxfiski). Ennfremur vanti upplýsingar um hvar fiskur haldi sig aðallega í firðinum og staðsetningu hrygninga- og uppeldisstöðva. Nauðsynlegt sé að kortleggja bæði náttúrufarsþætti og nýtingu í firðinum til að hægt sé að meta og skipuleggja hvar sé best að hafa sjókvíaeldi. Stofnunin telji jafnframt í ljósi upplýsinga um viðtaka, magn eldistegunda og sammögnunaráhrif tengdum þessum þáttum sé ekki ástæða til að umrætt fiskeldi fari í mat á umhverfisáhrifum.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að öllu jöfnu hrygni þorskur innst í fjarðarbotni og mun innar en fyrirhugað fiskeldi. Eyjafjörður hafi ekki verið flokkaður sem mikilvæg veiðislóð og ekki séu togveiðar leyfðar í firðinum fyrir innan Hrísey. Veiðar séu stundaðar í firðinum með staðbundnum veiðarfærum og ætla mætti að einhverjar veiðar séu stundaðar á fyrirhuguðum eldisstað. Þar sem að heildarflatarmál fiskeldisins sé aðeins um

0.06% af heildarflatarmáli fjarðarins sé ólíklegt að um verði að ræða verulega hagsmunaárekstra við fiskveiðar.

### **Sjúkdómstengd áhrif**

Í umsögn dýralæknis fisksjúkdóma kemur fram að fyrirhugað sjókvíaeldi geti á engan hátt haft neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang villtra fiskistofna í Eyjafirði, annað fiskeldi í friðinum sé mjög takmarkað og fjarlægð sjótöku annarrar fiskeldisstarfsemi sé með þeim hætti að ekki ætti að skapast smithætta.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að vöntun sé á umfjöllun um þá tegund sjúkdóma sem herjað geti á þors-, ýsu- og lúðueldi og aðeins sé lítillega fjallað um lyfjanotkun og því ekki hægt að meta hvort hætta sé á að sjúkdómar geti borist frá eldinu í náttúrulega fiskistofna.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila er vitnað í umsögn dýralæknis fisksjúkdóma, dags. 9. desember 2003, þar sem ekki sé talin þörf á að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum m.t.t. fisksjúkóma.

### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða eldi á allt að 1.200 tonnum af þorski, ýsu og lúðu í sjókvíum undan Baldurshaga í Eyjafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1g í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögnum hefur komið fram að Eyjafjörður sé stór, opinn og um sé að ræða síður viðkvæman viðtaka. Ekki sé hægt að útiloka einhverja uppsöfnun á lífrænum leifum á sjávarbotninum undir sjókvíum. Framkvæmdaraðili hyggst fylgjast náið með þeirri uppsöfnun og mun færa kvíar til eftir þörfum til að stemma stigum við hugsanlegri mengun. Skipulagsstofnun telur í ljósi staðsetningar og umfangs fyrirhugaðs eldis að ekki séu líkur á að veruleg botnmengun verði frá fyrirhuguðu fiskeldi en bendir á mikilvægi reglubundinnar vöktunar á áhrifum á lífríki á botni og tilfærslu kvía eftir þörfum innan eldissvæðisins til að hvíla svæði vegna hugsanlegrar úrgangssöfnunar.

Í umsögnum hefur komið fram að hugsanleg áhrif erfðablöndunnar frá eldisfiski á villta stofna séu talin lítil þar sem um er að ræða ókynbættan fisk af íslenskum uppruna. Skipulagsstofnun telur að ekki séu líkur á að fyrirhugað fiskeldi muni hafa veruleg áhrif á erfðablöndun, heilbrigði og viðgang villtra fiskistofna í Eyjafirði eða á annað fiskeldi í firðinum.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdaraðili hafi gert fullnægjandi grein fyrir að ekki sé líklegt að fyrirhugað þorskeldi skerði möguleika til fiskveiða í Eyjafirði.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða

Skipulagsstofnunar að eldi á allt að 1.200 tonnum á ári af þorski, ýsu og lúðu í sjókvíum á móts við Baldurshaga í Eyjafirði sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er fyrirhuguð utan netlagna og er því hvorki háð skipulagsafgreiðslu né framkvæmdaleyfi samkvæmt skipulags og byggingarlögum nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og rekstrarleyfi Fiskistofu samkvæmt lögum nr. 33/2002 um eldi nytjastofna sjávar.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 9. febrúar 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, sveitarstjórn Hörgárbyggðar, dýralæknir fisksjúkdóma, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun og Umhverfisstofnun.